


JÓLASAGA FRÁ ÚKRANÍU



Einu sinni var ekkja sem átti heima ásamt börnum sínum í litlu koti sem var umlukið furutrjám. Dag einn féll köngull úr furutré á stofugólfíð og tók að skjóta rótum. Börnin hennar urðu yfir sig glöð og spennt yfir því að þau myndu fá jólatré um næstu jól.

Allt sumarið og haustið veltu þau því fyrir sér hvernig þau myndu skreyta tréð en þau voru mjög fátæk og áttu ekkert jólaskraut. Þegar ekkjan gekk til náða á aðfangadagskvöld vissi hún að tréð yrði ekki skreytt. Snemma á jóladagsmorgun vöktu börnin hana: „Mamma, mamma, vaknaðu og sjáðu hvað tréð okkar er fallet!“

Móðirin fór fram úr og sá að um nóttina hafði kónguló spunnið vef í trénu. Yngsta barnið hafði opnað glugga við dagrenningu á jóladag og þegar ljósgeislar sólarinnar dönsuðu á gólfinu snertu þeir þræði vefjarins og samstundis breyttist hann í gull – og silfurþræði. Og upp frá þessum degi var ekkert sem ekkjuna vanhagaði um.





STJARNAN MÍN OG STJARNAN ÞÍN

Eftir Jón Guðmundsson

Allur bærinn var var á einu máli um að þetta gengi ekki lengur. Ef þessu færi ekki að linna yrði að gera eitthvað í málunum. Eitthvað verulega róttækt. Já, þetta gekk ekki lengur. Stundum er sagt að lítil þúfa velti þungu hlassi, það átti svo sannarlega við í þessu tilfelli. Reyndar var það ekki lítil þúfa sem gerði fólkinu í litla bænum lífið leitt heldur lítill sjö ára strákur. Já, sjö ára strákur, hann Frikki frekja eins og hann var kallaður, var að gera íbúa bæjarins brjálaða. Að öðru leyti lýsti bærinn af friði og kærleika.

Hvern einasta dag fór Frikki eins og hvirfilbylur um bæinn til að hrekkja og skemma. Hann gat ekki látið neitt í friði. Já krakkarnir flýttu sér í felur þegar sást til Frikka og fullorðna fólkið, sem ekki vildi láta bera á að það væri hálf smeykt við strákinn, lagði lykkju á leið sína ef Frikki var á næstu grösum.

Það sem var þó verst var að Frikki gat ekki talað eins og venjulegt barn. Hann öskraði allt sem hann sagði. Þegar hann vaknaði á morgnana öskraði hann á foreldra sína HVAR ER MATURINN MINN? eða HVAR ERU FÖTIN MÍN? eða bara GÓÐAN DAGINN ef hann var í sínu besta skapi. Margir í bænum voru hættir að stilla vekjaraklukkan, þess þurfti ekki. Frikki vakti allan bæinn í einu með öskrum sínum. Fólk spurði hvaðan hann hefði þessa rödd. Bæði pabbi hans og mamma, friðsemdarfólk, voru frekar mjóróma. Þetta gat ekki komið frá þeim. En jafnvel mjóróma friðsemdarfólk getur lent í þeirri ógæfu að eignast óþekktaranga fyrir son. Foreldrar Frikka vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Þau spurðu alla sérfræðinga bæjarins hvað þau ættu að gera; kennarann, sérkennarann, þroskaþjálfann, hjúkrunarfræðinginn, lækinn, sálfræðinginn, sjúkraþjálfarann, skólastjórann og jafnvel ljósmóðirin var farin að skipta sér af þessu. Hún sagðist nefnilega hafa svo langa reynslu af nýfæddum öskrandi börnum. En enginn sérfræðingur vissi hvernig hægt væri að fá Frikka til að verða venjulegur góður strákur.

Nú voru jólin að nálgast. Nákvæmlega þrettán dagar til jóla. Frikki frekja vissi að einmitt í kvöld var loksins rétti tíminn til að setja skóinn út í glugga. En Frikki, sem var jafngraðugur og hann var frekur, setti alltaf alla skóna sína út í glugga; spariskóna, íþróttaskóna, stígvélin, inniskóna og jafnvel golfskóna hans pabba. Þrátt fyrir alla þessa skó fékk hann aldrei annað en eina ljóta kartöflu í skóinn. Það fannst Frikka svo fúlt að hann öskraði af bræði hvern einasta morgun.





Jólasveinarnir sem fylgjast vel með öllum börnum vissu að Frikki var óþægasta barn á Íslandi. Sumir halda að þeir beiti göldrum til að fylgjast með börnunum en svo er alls ekki, ó, nei, það eru stjórnurnar sem hjálpa þeim. Það er nefnilega þannig að hvert einasta barn á sér stjórnuna einhvers staðar úti í geimnum. Hver stjarna er þannig úr garði gerð að hún fylgist með sínu barni og safnar saman öllu sem það gerir ... já, öllu ... alltaf. Einmitt þess vegna eru stjórnurnar svona óskaplega margar. Jólasveinarnir spyrja svo stjórnurnar hvernig krakkarnir hafa hegðað sér svo þeir geti ákveðið hverjir eigi að fá eitthvað fallegt í skóinn ... og hverjir eigi að fá kartöflu. Þetta skaltu muna næst þegar þú virðir fyrir þér stjórnurnar. Þín stjarna fylgist með þér ... einhvers staðar langt úti í geimnum.

Frikki setti alla skóna sína og bomsurnar hennar mömmu sinnar út í glugga áður en hann fór að sofa þetta kvöld. Hann fann ekki inniskóna hans pabba, annars hefði hann sett þá líka. Nóttin leið og upp rann næsti dagur en þrátt fyrir alla skóna fékk hann auðvitað bara kartöflu í einn skó. Hann öskraði af reiði svo allur bærinn vaknaði og þannig hófst hver einasti dagur á aðventunni í þessum litla bæ.

Svo rann Þorláksmessa upp, dagurinn fyrir aðfangadag jóla. Pabbi og mamma Frikka sem voru í óða önn að taka til, baka, pakka inn og strauja fyrir jólin tóku allt í einu eftir því að það var þögn í húsinu. Það bókstaflega heyrðist ekkert í drengnum.

Þetta var óvanalegt. „Vonandi er hann ekki dáinn,“ sagði mamma og læddist inn í herbergið hans. Þar lá Frikki í rúminu sínu steinsofandi. Frikki hafði ákveðið að hvíla sig vel, því í nótt ætlaði hann að vaka uns jólasveinninn kæmi og sá skyldi fá að heyra það.

Nóttin kom, aðfaranótt aðfangadags jóla. Mikið var himinninn fallegur. Fallegar stjórnur tindruðu á himninum og norðurljósinn dönsuðu af tilhlökkun til jólanna. En Frikki tók ekkert eftir fegurð himinsins. Hann stóð glottandi við gluggann sinn og sá fyrir sér hvernig hann myndi nú loksins ná sér niðri á jólasveininum. Hann myndi öskra hærra en nokkru sinni fyrr svo jólasveinninn skildi það í eitt skipti fyrir öll að nóg væri komið af kartöflum. Nú skyldi hann ekki sofna. Þegar Frikki hafði staðið við gluggann dálitla stund og glottið var að breytast í pínulítinn geispa tók hann skyndilega eftir einni stjórn á himinfestingunni. Þetta er skrýtin stjarna, hugsaði Frikki. Hann tók ekki augun af henni. Hann starði út í himingeiminn. Það var eins og þessi stjarna dáleiddi hann. Var þetta draumur? Svona hafði honum ekki liðið áður. Frikki sá að stjarnan, eða hvað þetta nú var, færðist nær og nær. Þetta var sannarlega skrýtin stjarna. Er mig





að dreyma? hugsaði Frikki. Frikki gat ekki betur séð en stjarnan liti út eins og risastór kartafla ... hún kom nær og nær ... og nær. Þegar kartaflan eða stjarnan, hvað sem það nú var, hafði staðnæmst skammt frá Frikkka sá hann að hún lýstist upp og brátt fóru að birtast á henni myndir. Þetta var eins og bíó eða risasastórt vídeó ... eða hvað var þetta eiginlega? hugsaði Frikki dálítið smeykur.

Frikki starði á stjörnuna og sá, sér til undrunar, að það sem birtist á stjörnunni voru myndir af honum sjálfum. Að minnsta kosti líktist þetta honum mikið. Þessi strákur var ógurlega óþekkur. Getur þetta verið ég? hugsaði Frikki. Hann stóð þarna og starði á kartöflustjörnunna agndofa, jú þetta var hann sjálfur. Getur þetta verið? hugsaði Frikki.

Þá fannst honum allt í einu eins og hendur væru lagðar á axlir hans og sagt: „Já þetta ert þú, Frikki. Þetta er skrítn stjarna, ekki sérlega falleg finnst þér, eins og kartafla.“ „Ha,“ heyrðist í Frikkka frekju.

„Hún getur kennt þér margt,“ sagði röddin. „Hvaða stjarna er þetta?“ spurði Frikki. „Þetta er þín stjarna, Frikki,“ sagði röddin. „Mín stjarna?“ „Já þetta er stjarnan þín. Stjarnan sem fylgist með þér,“ sagði röddin. „Ha, er til stjarna sem fylgist með mér?“ spurði Frikki? „Já, hún skráir allt sem þú gerir. Núna er hún að sýna þér hvernig þú hagar þér. Allir þurfa einhvern tímann að standa frammi fyrir sjálfum sér og horfa á hvað stjarnan manns hefur að geyma. Þú getur ekki flúið sjálfan þig, Frikki.“ „Ha,“ sagði Frikki, þetta skildi hann ekki. Frikki horfði á stjörnunna ... á sjálfan sig. Hann fylgdist með hvernig hann kom fram við pabba og mömmu. Hann sá hvernig hann stríddi krökkum og var leiðinlegur við dýrin. „Er þetta virkilega ég?“ spurði hann svo og röddin svaraði: „Já, Frikki, þetta ert þú sjálfur.“ Allt í einu gaf stjarnan frá sér ógurlegan hávaða. Það var eins og hún öskraði. Frikki hélt fyrir eyrun. Hann varð orðlaus. Önnur eins öskur hafði hann aldrei heyrt. Hann varð hræddur ... hræddur við sjálfan sig. „Hvert einasta öskur er geymt í þessari stjörnu eins og allt annað sem þú gerir.“ „Er allt sem ég geri geymt í þessari skrítnu kartöflustjörnu?“ spurði Frikki. „Já, Frikki,“ svaraði röddin. Frikki var svo hissa að hann stóð orðlaus og horfði á það sem stjarnan hafði að sýna. „Stjarnan mín er ekki falleg,“ sagði Frikki. „Nei, hún er ekki falleg vegna þess að þú ert svo óþekkur,“ sagði röddin. „Um leið og þú breytist,





breytist stjarnan líka. Hún gæti meira að segja orðið mjög falleg, Frikki. Öll góð börn eiga fallega stjörnu en óþekk börn eiga ljóta stjörnu,“ sagði röddin. „Svo fer það auðvitað eftir stjórnunni hvað börnin fá í skóinn sinn fyrir jólin. Þeir sem eiga stjörnu sem lítur út eins og ljót kartafla fá auðvitað ekkert annað en ljóta kartöflu í skóinn.“ Þá kveikti Frikki á perunni. Þetta var þá ástæðan fyrir því að hann fékk bara kartöflur í skóinn ... hann var óþekkur. Svona vildi hann ekki vera. Hann varð að breyta sér þó ekki væri til annars en að fá eitthvað almennilegt í skóinn. Frikki stóð og hugsaði og þá gerðist nokkuð sem aldrei hafði gerst áður, lítið tár braust fram ... og Frikki spurði röddina hvernig hann gæti hætt að öskra og vera leiðinlegur svo stjarnan hans yrði falleg. „Þú skalt gera það í huganum, Frikki,“ sagði röddin. „Í huganum?“ „Já, þá verður þú góður og þrúður strákur.“ „Góður strákur? Fæ ég þá kannski einhvern tímann eitthvað annað en kartöflu í skóinn?“ spurði Frikki. „Svo gæti farið,“ sagði röddin, „það er undir þér sjálfum komið.“ Þá leit Frikki við og sá að við hlið hans stóð engill sem brosti til hans af kærleika. Frikki tók eftir því að engillinn setti eitthvað í skóinn og svo flaug hann á stóru hvítu vængjunum sínum út í geiminn og dró með sér stjórnuna hans Frikka. Frikki horfði á stjórnuna fjarlægast. Hann tók eftir því að á leiðinni út í geiminn breyttist hún smátt og smátt úr þessari ljótu kartöflu, hún fór að skína og varð bjartari og bjartari sem væri hún úr skínandi gulli. Var þetta draumur?

Að morgni aðfangadags vaknaði Frikki og hafði aldrei liðið betur. Mikið hafði þetta verið skráttin nótt. Hann flýtti sér að kíkja í alla skóna sem hann hafði sett út í glugga. Og hvað haldið þið að hafi verið í einum þeirra. Það var reyndar kartafla en engin venjuleg kartafla, hún var úr skínandi gulli. Frikki varð svo hissa að hann gleymdi að öskra. Það var svo mikil þögn í bænum að hver einasti maður svaf yfir sig þennan aðfangadagsmorgun. Þeir fyrstu vöknuðu ekki fyrr en eftir hádegið. Bæjarbúar voru í öngum sínum því margt var enn ógert fyrir jólin. „Af hverju öskraði Frikki ekki?“ spurði fólkið pirrað.

En jólin gengu nú samt í garð. Mikið urðu pabbi og mamma Frikka glöð þessi jól. Frikki fékk stóran stjörnukíki í jólagjöf frá pabba og mömmu. Hann ljómaði af gleði. Nú ætlaði hann svo sannarlega að reyna að koma auga á stjórnuna sína. Það hlýtur að vera auðvelt, stjarnan mín hlýtur að vera skærasta stjarna á himninum, hugsaði hann. Upp frá þessu öskraði Frikki aldrei meir.

Í dag er Frikki virðulegur stjörnufræðingur sem þekkir hvern krók og kima alheimsins en þrátt fyrir það er hann er enn þá að leita að fallegustu stjörnu sem hann hefur augum litið ... stjórnunni sinni.



MYND AF JESÚ



Eftir Iðunni Steinsdóttur

„Nú eru aðeins fimm dagar til jóla. Jólatilboð okkar á hreinlætisvörum og undrabóni stendur fram á Þorláksmessu. Látið ekki happ úr hendi sleppa.“ Pulurinn í útvarpinu ræksti sig. Hann var orðinn hás af að þylja auglýsingar.

Mamma lækkaði í útvarpinu og horfði þungbúin í kringum sig. Á bekknum voru staflar af smákökum og óhreinum plötum úr bakarofninum. Það brakaði í hverju spori ef gengið var um eldhúsið af því að mylsnan hafði dreifst um. Dyrnar fram í þvottahúsið voru í hálfa gátt og þar sá í óhreinan þvott í hverju horni.

– Mamma hlakkarðu ekki til jólanna? spurði Viðar og hoppaði á kornóttu gólfinu. Hann sá svipinn á móður sinni og vildi gleðja hana með því að tala um eitthvað skemmtilegt.

– Hlakka til? Mér er til efs að jólin komi hingað eins og ástandið á heimilinu er, svaraði mamma.

– Koma jólin ekki? Jesús hlýtur að eiga afmæli einu sinni á ári eins og við hin. Andlitið á Viðari varð að stóru spurningarmerki sem áhyggjuviprur hrísluðust um.

– Líttu í kringum þig. Heldurðu að Jesú langi til að halda upp á afmælið sitt í svona drasli? Það hefur ekki verið þurrkað af svo dögum skiptir. Jólin eru rétt að koma og ég veit ekki hvaða tíma ég á að hafa til að ljúka öllu sem eftir er. Og láttu þessar smákökur vera, þær eru til jólanna! Þetta síðasta æpti hún að pabba sem birtist í eldhúsinu og renndi glaðbeittur í smákökustaflana.

Viðar læddist út í horn og lét fara lítið fyrir sér. Pabbi reyndi að tala kjark í mömmu. Hann sagði að þetta væri ekki svo slæmt, þau yrðu bara öll að hjálpast að.

– Skipulagning er allt sem þarf, sagði hann og hellti kaffi í bolla handa henni.

Svo byrjuðu þau að skipuleggja. Þau skipulögðu hvert handtak í undirbúningi jólahátíðarinnar. Tiltekt í hverju herbergi fyrir sig, jólaþvottinn, innkaupin, gjafamálin, matargerðina, skreytinguna, bókstaflega allt og líka hver ætti að gera hvað. Og pabbi skrifaði allt saman á spjald sem hann hengdi upp í eldhúsinu. Þetta tók langa stund og Jói stóri bróðir og Hermína systir voru bæði komin heim áður en yfir lauk. Þau voru ekkert yfir sig hrifin þegar þau sáu hverju þeim hafði verið úthlutað.

– Á ég að vera allan daginn í hreingerningum? Ég var nú að fá jólafríið rétt í þessu, sagði Hermína fýld.

– Ég geri ekki neitt í þessum jólaundirbúningi. Ég er að vinna, sagði Jói.





- Við líka, sagði pabbi.
- Þið eruð ekki í eins þreytandi vinnu og ég, sagði Jói.
- Við erum öll þreytt og það er engin sanngirni að ég standi í þessu ein, sagði mamma.

Eftir töluvert nöldur og dálitlar vangaveltur sættust allir á að gera sitt til að jólin kæmu á réttum tíma. Þau voru farin að slaka á og rabba í sátt og samlyndi þegar mjó rödd heyrðist úr eldhúshorninu.

- Á ég ekki að gera neitt?
- Viðar minn, já þú þarft auðvitað að gera eitthvað líka, sagði pabbi vandræðalegur.
- Þú getur hlaupið út í búð þegar mig vantar eitthvað, sagði mamma.
- Það er svo lítið, sagði Viðar.
- Ég veit, þú teiknar reglulega fallega jólamynd handa okkur. Við hengjum hana upp frammi á gangi og hún verður það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur í heimsókn um jólin, sagði pabbi.

Viðar brosti út að eyrum.

- Ég ætla að teikna Jesú í jötunni, sagði hann.

Það væru ýkjur að segja að allir hefðu strax tekið til óspilltra mála við jólaundirbúninginn. Hermína laumaðist út og Jói lagði sig. En pabbi og mamma sátu við jólakortin fram á nótt og Viðar lét heldur ekki á sér standa. Hann náði í stóra hvíta pappaörk og byrjaði strax að teikna. Morguninn eftir vaknaði hann snemma og lauk við myndina.

Eftir því sem á daginn leið varð mamma þreyttari og reiðari yfir því hve jólaundirbúningurinn gengi hægt. Viðar reyndi aftur og aftur að ná sambandi við hana. Hann langaði að sýna henni myndina svo að hún sæi að eitthvað væri að verða tilbúið fyrir jólin. En hún var alltaf á hlaupum.

- Nú tökum við gólfíð í stofunni í kvöld. Ég náði síðasta pakkanum af undrabóni á tilboðsverði, sagði pabbi þegar hann kom heim úr vinnunni.

Hann snaraðist inn í stofu ásamt mömmu. Þar umturnuðu þau öllu til að geta borið undrabónið á parketið.

- Af hverju eruð þið að rusla svona út? spurði Viðar.
- Það verður svo fínt á eftir, sagði pabbi og staflaði stólunum út í horn.

Viðar reyndi að hjálpa til en þegar hann hafði misst brúðkaupsmyndina af pabba og mömmu á gólfíð og brotið glerið bað pabbi hann að koma sér út úr stofunni.

- Hvað á ég að gera. Mig langar svo að hjálpa til, sagði hann mjóróma.
- Haltu áfram að teikna, sagði mamma.
- Ég er búinn með myndina. Á ég að sýna...?
- Teiknaðu meira og vertu ekki að tefja okkur, Viðar minn, sagði pabbi.





– Hvað á ég að teikna meira?
– Eitthvað fallegt í sambandi við blessuð jólin, sagði mamma og strauk honum flausturslega um vangann.
– Eitthvað úr jólaundirbúningnum sem er svo skemmtilegur, sagði pabbi.
Viðar hrökklaðist inn í herbergið sitt og tók litina upp úr skúffunni. Hann hugsaði sig vel um og byrjaði svo að teikna. Tungan leitaði út í munnvikið eins og alltaf þegar hann einbeitti sér.

Á Þorláksmessu var veðrið undur fallegt. Stórar dúnmjúkar snjóflyksur liðu til jarðar og trén voru alhvít. Veröldin var ekki lengur sú sama og í gær. Þetta var jólaveröld.

Það hefði verið gaman að setja svona fallegan snjó á myndina. Og eitt eða tvö tré. En það var ekki meira pláss á blaðinu. Viðar var alveg búinn að fylla það.

Bráðum kemur mamma heim og þá ætla ég að biðja hana að setjast hjá mér og syngja jólasálmana. Við getum líka kveikt á kerti, hugsaði hann.

En þegar mamma kom heim úr vinnunni hafði hún ekki tíma til að setjast niður og syngja jólasálma. Hún þurfti að sjóða hangikjötið og gera graflax, rækjurétt og alls konar sósur fyrir matarveisluna á jóladag. Svo þurfti að taka til í stofunni og skreyta, fara í búðir og pakka inn gjöfum. Stóru systkinin voru líka á þönum allan daginn enda höfðu þau næstum ekkert verið byrjuð á listanum sínum. Pabbi hamfletti rjúpunar og var á símavaktinni.

Það leið að kvöldi og Viðar var daufur í dálkinn. Það var farið að hlána. Snjórinn blotnaði og hrundi í þungum hlussum niður af trjánum. Hvít ábreiðan á götunni og gangstéttunum breyttist í mórautt krap sem slettist upp þegar bílarnir óku um. Það var ekkert jólalegt úti lengur.

Allt í einu varð hann örvæntingarfullur. Það var heldur ekkert jólalegt inni. Allir voru á hlaupum. Hermína argaði á hann þegar hann missti niður mjólkursopa á nýpvegið gólfið. Pabbi og Jói rifust út af því hvor ætti að fara og kaupa perur í jólatrésseriuna. Og hrærivélin hafði svo hátt að mamma heyrði ekki að þegar hann reyndi að tala við hana.

Kanskí færi þetta eins og mamma var að segja um daginn. Jólin kæmu ekkert til þeirra í þetta skipti.

– Mamma, nú skulum við kveikja á kerti og syngja jólalögin, sagði hann þegar mamma hans slökkti loks á hrærivélinni og seig niður á eldhúskoll með kaffibollann sinn.

– Vertu nú ekki að þreyta mig. Viltu ekki teikna myndina þína? Hún verður að vera tilbúin á morgun, þá eru jólin.

Viðar stundi. - Hún er tilbúin.





– Leyfðu mér þá að sjá hana, sagði mamma og geispaði.
– Já, blessaður sæktu Jesúbarnið í jötunni og við skulum hengja það upp, sagði pabbi sem kom fram í eldhúsið eftir að hafa haft betur í rifrildinu við Jóa. Hann hlammaði sér niður með kaffitár.

– Það er ekkert bara Jesús, tautaði Viðar. Hann trítlaði inn í herbergi og sótti myndina.

Pabbi og mamma litu á hana. Þau horfðu þögul lengi, lengi.

Blaðið var troðfullt af myndum af alls kyns dóti. Það voru rjúpur, graflax, jóla-skraut, þvottur, jólakort, jólapakkar, inn-kaupapokar, hangikjötslæri, smákökur og undrabón. Og efst trónaði brúðkaupsmynd með brotnu gleri.

– Hvað er þetta drengur, hvar er Jesúbarnið og jatan? spurði pabbi loks.

– Já, hvar er Jesúbarnið? Þú sagðist ætla að teikna það, sagði mamma.

– Jesúbarnið er þarna, það sést bara ekki.

– Sést ekki? Hvers vegna í ósköpunum? spurði pabbi.

– Sko, ég teiknaði það fyrst og jötuna og Jósep og Maríu og fjárhirðana og allt. En svo sögðuð þið að ég ætti að teikna jólaundirbúninginn líka og hann tók svo mikið pláss að Jesús lenti undir.

Pabbi og mamma sátu þögul dálitla stund. Svo reis mamma á fætur, sótti stórt rautt jólakerti og setti í stjaka.

– Komið þið, nú skulum við setjast inn í stofu og syngja eitthvað fallett, sagði hún.

– En mamma, hvað með ísinn og súkkulaðisósuna?

– Við förum út í búðina hérna á horninu á morgun og kaupum ís og súkkulaðisósu þar.

Viðar sat á milli pabba og mömmu og vandaði sig eins og hann gat. Bjarminn af kertinu var svo fallegur að það var næstum eins og jólin væru komin. Og þegar þau voru að enda við að syngja: „Bjart er yfir Betlehem” kom Jóí bróðir úr búðinni með perurnar í seríuna. Hann brosti bara og sagði:

– Það er naumast jólalegt.

Hárið á honum var alveg hvítt og hann var með stórar hvítar flyksur á nefinu.

Það var aftur farið að snjóa.



SYNGJANDI ENGLAR – SÖNN JÓLASAGA

Úr bókinni Bíttu á jaxlinn, Binna mín.
Kristín Helga Gunnarsdóttir



Binna er níu ára og býr við Silfurgötu sem er heill heimur út af fyrir sig. Hún er lyklabarn því foreldrar hennar vinna úti á daginn. Þá er hún drottning í ríki sínu og hundurinn hennar, Tobba, er heimilisdreki í kastalanum. Mímí, systir hennar, er unglingur sem er að uppgötva heiminn, menninguna og pólitíkina. Sögurnar um Binnu gerast í litlum bæ í útjaðri borgar í kringum 1970.



Ég vaknaði snemma á aðfangadagsmorgun. Þegar ég kom fram var mamma komin á fætur. Hún var á leiðinni í vinnuna. Mamma vinnur alltaf fram að hádegi á aðfangadag.

–Almáttugur! Elsku besta Binna mín, hvað er að sjá þig? sagði mamma með skelfingarsvip.

–Mig? spurði ég syfjulega.

–Já, það er tyggjó í hárinu á þér, sagði mamma og greip í toppinn á mér. Æi, Binna. Er ég ekki alltaf að segja þér að sofa ekki með tyggjó.

Á meðan mamma náði í skæri leit ég í spegil til að skoða tyggjóflækjurnar. Það var rétt. Ég var með tyggjó um allt en mest þó í toppnum.

–Sestu, sagði mamma og svo klippti hún flækjurnar varlega í burtu. Þegar hún hafði klippt toppinn ofan í hársrætur leit ég út eins og lukkuþröll en það var bara þægilegt að vera laus við þennan ennistopp sem hékk alltaf ofan í augu.

–Hvað er að gerast? spurði Mímí systir þegar hún kom fram í eldhús. Sofnaði Binna enn einu sinni með tyggjóíð uppi í sér?

–Já, stundi mamma.

–Af hverju látið þið hana ekki bara sofa með sundhettu? Hún sofnar svo oft með tyggjó, sagði Mímí og fékk sér ristað brauð.

–Er þetta jólaklippingin? spurði pabbi þegar hann kom fram.

Ég nennti ekki að svara og fór inn til mín að reyna að taka til í vísindasafninu. Pabbi setti jólaseríu í stofugluggann og Mímí fór í jólabað.

Mamma kom heim um hádegi og fjasaði yfir því að það væri enn þá óskaplega mikið drasl í herberginu mínu.

–Mamma mín, það tekur margar vikur að taka til á vísindasafninu, sagði ég. Það gerist ekki á nokkrum klukkustundum.





–Þú vissir það fyrir mörgum vikum að það væru að koma jól, svaraði mamma þreytulega. Farðu nú í bað, skjóða. Það verður víst ekki finna í þessu tófugreni áður en hátíðin gengur í garð.

Þegar ég kom úr baði fór um Mími að horfa á teiknimyndir í sjónvarpinu á meðan við biðum eftir jölunum. Þegar teiknimyndirnar voru búnar var komið myrkur. Það var stjörnubjart úti og ég klæddi mig í jólafötin. Mamma fléttaði á mér hárið og býsnaðist yfir því að það væri ónýtt eftir tyggjóklessurnar. Mér fannst mjög þægilegt að vera svona hárlaus á enninu.

Þegar ég var tilbúin var klukkan að verða hálfsex og pabbi, mamma og Mími voru enn að klæða sig. Það er enginn dagur á árinu jafn lengi að líða og aðfangadagur.

–Eruð þið ekki að koma? spurði ég og gægðist inn í svefnherbergi til mömmu og pabba. Ætlið þið að missa af jölunum? Nú fer amma fína bráðum að opna stofurnar. Hún gerir það alltaf klukkan sex og við náum aldrei til hennar á réttum tíma.

Mamma var enn á nærfötunum. Hún stóð fyrir framan spegilinn og túberaði á sér hárið.

–Bíddu róleg, elskan. Jólin byrja ekki fyrr en við komum í boðið, sagði hún annars hugar.

–Hafið þið séð Betlehemsstjörnuna? spurði ég og settist á rúmgaflinn.

–Nei, það er ég ekki viss um, sagði pabbi. Hvar eru skyrtuhnapparnir mínir, Helga? Þessir með víkingunum?

–Jólastjarnan sést greinilega út um stofugluggann núna. Viljið þið koma og sjá?

Binna mín, sagði mamma og smeygði sér í pils. Farðu fram í stofu, sestu út í glugga og horfðu á Betlehemsstjörnuna á meðan við erum að taka okkur til. Svo sneri hún sér að pabba, Guðmundur, ég var ekki með skyrtuhnappana síðast, en athugaðu í náttborðsskúffuna þína.

Ég gekk fram hjá herberginu hennar Mímíar. Hún var að máta föt. Mími mátar alltaf að minnsta kosti fimm flíkur áður en hún getur ákveðið sig. Ég fór fram í stofu og settist í gluggakistuna. Stjörnurnar dönsuðu um svartan himininn og allt var svo fallegt.

Mér finnst Guð búa til fallegasta jólaskrautið. Hann festir lítil stjörnuljós út í nóttina og allir í heiminum geta séð þau. Svo breiðir hann snjóhvítt flauel yfir landið og klæðir það í jólabúning.

Ég starði út í snjóinn. Hann glitraði eins og það væri búið að strá glimmeri yfir hann. Mikið var veröldin falleg.

Allt í einu sá ég mörg glitkorn falla til jarðar. Ég leit upp. Það get ég svo svarið að ég sá lítinn engil, berfættan í bleikum kjól, halda sér á lofti með vængja-slætti. Hann var með gulan poka og sáldraði glimmeri úr honum yfir snjóinn. Ég nuddaði augun.

Var ég að verða skrítni eða var mig kannski að dreyma?





Þrír englar til viðbótar komu flögrandi út úr myrkrinu. Þessi með pokann brosti og hélt áfram að dreifa glimmeri yfir garðinn. Annar engill var við hliðina á honum. Hann flögraði um í gulum kjól með litla hörpu og virtist vera að spila og syngja. Þriðji engillinn var í hvítum kjól með lítinn lúður sem hann spilaði á og sá fjórði var í bláum kjól með nótnabók sem hann söng upp úr. Ég heyrði ekki í þeim af því að ég var inni og englarnir úti.

Ég átti ekki orð. Þessi litli englaher flögraði yfir garðinum mínum kátur og glaður. Mikið voru þeir fallegir.

–Mamma! Pabbi! Komið og sjáið englana! hrópaði ég.

Ég starði á þá og þorði ekki að líta af þeim. Ég var hrædd um að þeir myndu hverfa ef ég liti af þeim eitt augnablik.

–Mamma! Komdu strax. Það eru englar að fljúga yfir garðinum okkar! Pabbi, þú verður að sjá líka!

–Ertu að verða vitlaus þarna frammi? kallaði Mímí um leið og hún strunsaði inn á baðherbergi.

–Komið þið! Fljótt! Ég var ráðþrota. Hvernig gat ég náð í mömmu og pabba? Ég þorði varla að hafa augun af allri dýrðinni en mig langaði að heyra englana syngja og spila svo ég hljóp fram í þvottahús eins hratt og ég gat. Ég reif upp úti-hurðina og þarna voru þeir enn þá. Þeir brostu til mín og ég heyrði tónlistina í fjarska.

–Þið verðið að sjá englana! kallaði ég.

Mamma og pabbi svöruðu ekki og englarnir virtust ekkert vera að fara svo ég ákvað að taka áhættuna og sækja þau. Ég hljóp inn í svefnherbergi.

–Komið þið núna! sagði ég óðamála. Þið verðið að sjá englana. Þeir eru að fljúga yfir garðinum okkar.

–Hvaða vitleysa er þetta, Binna mín? sagði mamma. Eru jólin alveg búin að rugla þig í ríminu?

–Eru englar í garðinum okkar? spurði pabbi brosandi.

–Nei, yfir garðinum okkar. Þeir eru að fljúga yfir garðinum okkar. Flýtið þið ykkur. Þeir eru kannski lentir núna, sagði ég og togaði í höndina á mömmu.

Loksins létu pabbi og mamma til leiðast og komu með mér fram. Ég dró þau rakleiðis fram í þvottahús til þess að þau sæju englana betur og gætu heyrt í þeim. Ég opnaði hurðina sigri hrósandi.

–Sjáið þið bara, sagði ég ánægð.

Mamma og pabbi litu bæði út og til himins.

–Hvað eigum við að sjá?

Ég leit út. Þar var ekkert. Nóttin var aftur orðin svört, stjörnurnar voru á sínum stað en englarnir mínir voru horfnir.

–Eru þeir farnir? sagði ég hissa. Þeir hafa kannski bara fært sig, bætti ég við og stökk út í myrkrið á spariskónum. Ég hljóp út að húshorninu en hvergi sá ég englana.

–Binna mín, komdu inn kerlingin mín, sagði pabbi.





–En það voru englar hérna. Það er alveg satt, sagði ég og reyndi að sannfæra mömmu og pabba.

–Já, elskan mín, sagði mamma. Ég efast ekki um að allt í kringum þig eru englar.

–Nei, mamma, ekki svoleiðis englar. Ekki ósýnilegir englar. Þetta voru englar í bleikum, gulum, bláum og hvítum kjólum sem spiluðu á hljóðfæri og dreifðu glimmeri, sagði ég sár. Þetta voru jólaenglar.

–Farðu nú í kápu jólaengillinn minn, sagði mamma. Við skulum fara að drífa okkur til ömmu.

Ég gat ekki hætt að hugsa um englana. Hvers vegna hafði ég fengið að sjá þá en ekki pabbi og mamma? Kannski var það vegna þess að ég hafði verið að dást að jólaskrautinu hans Guðs. Hann hefur kannski viljað sýna mér dálítið meira af því sem hann á.

Ég settist upp í bílinn með Tobbu í fanginu. Hún var með rauða jólaslaufu um hálsinn. Tobba fer alltaf með í jólaboðið til ömmu fínu af því að hundum líður illa ef þeir eru aleinir á jólnum.

Þegar við ókum af stað var ég enn að hugsa um þessa yndislegu engla. Ég starði út um gluggann og upp í himininn. Ég sá bara stjörnur. Englarnir mínir voru farnir. Kannski voru þeir ekki farnir, heldur bara orðnir ósýnilegir aftur.

–Ertu að leita að englum? spurði Mímí og hló. Það situr einn við hliðina á þér, sagði hún og benti á sjálfa sig. Yndisleg englasystir.

Ég lét sem ég heyrði ekki í henni.

–Ég hef alltaf vitað að þér fylgdi heil herdeild verndarengla, Binna mín, sagði pabbi og leit í aftursætið til mín.

–Syngjandi englar yfir Silfurgötu, sagði mamma og brosti. Ósköp er það notaleg tilhugsun.

–Það verður að hafa hana Binnu í bandi, sagði Mímí. Annars tekst hún bara á loft einhvern daginn og flýgur út um gluggann. Þið ættuð kannski að prófa að hætta að gefa henni svona mikið lýsi. Kannski lagast hún við það.

Ég var orðin sár og reið.

–Víst sá ég engla! Þeir sungu og sáldruðu glimmeri í snjóinn!

–Almáttugur! Klukkan er sex, sagði mamma og kveikti á útvarpinu í bílnum.

Það passaði. Kirkjuklukkurnar hringdu í útvarpinu. Enn einu sinni hlustuðum við á þær hringja inn jólin í bílnum á Fjarðarveginum á leið til ömmu fínu og afa spari.

–Gleðileg jól! sagði mamma og kyssti pabba á kinnina.

–Gleðileg jól, stelpur mínar! Mamma teygði sig aftur í og kyssti okkur.

–Gleðilega hátíð! kallaði pabbi aftur í.

–Gleðileg jól! sögðum við systurnar.

